

Menntaskólinn við Hamrahlíð

KÍNV1AA05

Enginn undanfari

Áfangalýsing

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins: Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Til að þjálfna þessi atriði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Kynningu á sjálfum sér og öðrum, að heilsa og kveðja, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, búseta, starf, þjóðerni, lönd og tungumál.
- Hús og híbýli, lýsingar á fólki, póstkort og bréf, tölur, dagar, mánuðir, árstíðir og veður.
- Tólmstundir og áhugamál, að líka/mislíka, að mæla sér mót, klukka og tímasetningar.

Áfangamarkmið

Skilningur

a. Hlustun

Nemandi skilur:

- greini hinar fjórar tónhæðir tungunnar
- einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- einföld samtöl þegar talað er hægt og skýrt.

b. Lestur

Nemandi lærir 100 orð og mun geta þekkt merkingu þeirra eftir áfangann.:

Getur því greint einfalda texta, sem innihalda algengan orðaforða, sem tengist honum, umhverfi hans og áhugamálum.

Talað mál

a. Samræður

Nemandi getur:

- notað einföld ávörp, þakkar- og kurteisisorðasambönd, kynnt sig og aðra, spurt um líðan annarra og sagt frá sinni líðan skv. viðteknum siðum og venjum viðkomandi málsvæðis
- beðið viðmælanda um að endurtaka
- gert sig skiljanlegan um einföld atriði (t.d. um tímasetningar, símanúmer, magn og verð)
- spurt og svarað einföldum spurningum (t.d. um fjölskylduna, veðrið og áhugamál)

b. Frásögn

Nemandi getur:

- sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldunni og öðrum (t.d. aldur, búseta og áhugamál)
- sagt frá daglegum athöfnum

Ritun

Nemandi getur:

- ritað 130 orð með kínversku táknlettri eftir áfangann.